

Sjávareldi ehf.
Hallgrímur Kjartansson
Aðalstræti 24
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03. okt. 2014 8.12.1
Tilv. _____



Reykjavík, 3. október 2014
Tilvísun: UST20140900043/si


Handhafabreyting starfsleyfis


Vísað er til umsóknar Sjávareldis ehf. um yfirfærslu starfsleyfis fyrir þorsk- og laxeldi í Dýrafirði yfir á Dýrfisk hf. Starfsleyfi þetta var samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar Vestfjarða á fundi hennar 13. desember 2013 og gildir til 13. desember 2025.

Umhverfisstofnun hefur tekið þá ákvörðun að fallast á umsóknina enda er það heimilt skv. grein 27.2 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Kostnaður vegna breytingar á handhafa starfsleyfisins er kr. 26.000. sbr. 4. grein gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013. Reikningur verður sendur út síðar.

Virðingarfyllt


Kristín L. Arnadóttir
Forstjóri


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Sjávareldi ehf

531011-1040

Til að starfrækja Land- og kvíaeldi að 200 tonnum

Þorsk og laxeldi

Staðsetning: 200m raddius frá 65°52.510'N – 23°28.653'V í Dýrafirði

Heimilisfang:
Aðalstræti 24
400 Ísafjörður

Nafn rekstraraðila: Hallgrímur Kjartansson

Kennitala rekstraraðila:

Útgáfudagur: 13. desember 2013 Gildir til: 13. desember 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.


Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 15.12 2013

Sjávareldi ehf
Hallgrímur Kjartansson
Aðalstræti 24
400 Ísafjarðarbær

Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 13. desember 2013 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Sjávareldi ehf. Staðsetning 65°52.510'N – 23°28.653'V fyrir þorsk og laxeldi. Starfsleyfið gildir til 13. desember 2025. Eldiskvíar skulu staðsettar innan 200m raddius frá staðsetningarpunkti. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaeldi (ÍSAT no. 050220). Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 13. apríl 2012 nr. 385 er árlegt eftirlitsgjald kr 24.203 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 9.681. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllt



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi